

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 26. stjórnarfundar, haldinn 1. maí, 2024 í Reykjastræti 6, kl. 10:30-13:30.

Mætt voru: Óskar Józefsson, Hermann Hermannsson, Örn Viðar Skúlason og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla framkvæmdarstjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefnisins. Alls hafa 747 umsóknir um sölu borist og þar af eru 59 frávikamál. Stjórn hefur samþykkt 515 umsóknir og 291 kaupsamningur hefur verið sendur til undirritunar og þinglýsingar. Búið að greiða seljendum út 4 milljarða króna.

Ýmis atriði í framkvæmd verkefnisins rædd. Verkefnið kallar á samskipti við ýmsa opinbera aðila og tólf lánveitendur. Þessi samskipti hafa almennt gengið vel og félagið mætir skilningi á því að mikilvægt sé að vinna við verkefnið sé í forgangi.

Framundan í starfi félagsins eru ýmis ný verkefni sem tengjast móttöku eignanna, útgáfu afsala og varðveislu eignasafnsins. Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa framkvæmd á þessum verkþáttum.

Starfsmannamál og húsnæðismál félagsins voru rædd og nauðsynlegar breytingar á þeim eftir því sem verkefnið tekur breytingum.

Framkvæmdastjóri kynnti skipurit yfir starfseminu og sína sýn á þörf fyrir sérfræðipækkingu á næstu mánuðum.

2. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur verður 3. maí kl. 11:00 í Borgartúni 26.

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 13:30

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir